Stjórnarfundir

# 6. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 13. janúar 2017 kl. 16.30.

Mættir eru Guðný Stefanía Stefánsdótir, Ingi Björn Guðnason, Karl Kristján Ásgeirsson, Elín Marta Eiríksdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
   Guðný Stefanía var kosin formaður á héraðsþingi 23. maí. Stjórn skiptir með sér öðrum störfum á sama veg og síðasta ár:
   Varaformaður Hildur Elísabet Pétursdóttir
   Ritari Ingi Björn Guðnason
   Gjaldkeri Karl Ásgeirsson
   Meðstjórnandi Páll Janus Þórðarson

2. Íþróttaskóli HSV - útskriftargjöf
   Rotaryklúbbur Ísafjarðar hefur undanfarin ár gefið íþróttaskóla HSV styrk upp í útskriftargjöf fyrir þá krakka sem klára íþróttaskóla HSV. Styrktarsamningurinn við Rotaryklúbbinn er útrunninn og ekki hefur náðst í aðra styrktaraðila. Stjórn ákveður að breyta um og framvegis fái þeir sem byrja í íþróttaskóla í 1. bekk boli að því tilskyldu að fyrir kostnaði séu styrkir. Yfirþjálfara HSV er falið að vinna málið í samstarfið við gjaldkera og framkvæmdastjóra.

3. Önnur mál
   A) Íþróttafrí í Grunnskólanum . Rædd ábending frá Daníel Jakobssyni um útfærslu íþróttafrís hjá Grunnskóla Ísafjarðar. Lagt fram til kynningar.
   B) Frá síðasta stjórnarfundi tekið fyrir erindi frá Braga Axelssyni fyrir hönd Harðar er varðar úthlutun á tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi. Framkvæmdastjóra falið að svara.

Fundi slitið 18.00